

Nd.

584. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaganna um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Flm.: Halldór Stefánsson, Lárus Helgason.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti 46 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, 40 þingmenn kosnir í sérstökum kjördæmum og 6 þingmenn kosnir í einu lagi fyrir land allt.

Hver sýsla og hver kaupstaður, sem hefir full kaupstaðarréttindi, skal vera kjördæmi fyrir sig. Nú breytist tala sýslufélaga eða kaupstaða, og breytist þá tala þingmanna samkv. því.

Þingmenn skulu kosnir þannig:

a. 24 þingmenn og jafnmargir til vara skulu kosnir óhlutbundnum kosn-

ingum í þessum kjördæmum, einn í hverju: 1. Borgarfjarðarsýslu, 2. Mýrasýslu, 3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, 4. Dalasýslu, 5. Austur-Barðastrandarsýslu, 6. Vestur-Barðastrandarsýslu, 7. Vestur-Ísafjarðarsýslu, 8. Ísafjarðarkaupstað, 9. Norður-Ísafjarðarsýslu, 10. Strandasýslu, 11. Vestur-Húnavatnssýslu, 12. Austur-Húnavatnssýslu, 13. Siglufjarðarkaupstað, 14. Akureyrarkaupstað, 15. Suður-Þingeyjarsýslu, 16. Norður-Þingeyjarsýslu, 17. Seyðisfjarðarkaupstað, 18. Neskaupstað, 19. Austur-Skaftafellssýslu, 20. Vestur-Skaftafellssýslu, 21. Vestmannaeyjarkaupstað, 22. Gullbringusýslu, 23. Hafnarfjarðarkaupstað, 24. Kjósarsýslu.

- b. 12 þingmenn og jafnmargir til vara skulu kosnir hlutbundnum kosningum í þessum kjördæmum, tveir í hverju: 1. Skagafjarðarsýslu, 2. Eyjafjarðarsýslu, 3. Norður-Múlasýslu, 4. Suður-Múlasýslu, 5. Rangárvallasýslu, 6. Árnessýslu.

Ber minni hlutanum annað þingsætið, ef hann fær $\frac{3}{4}$ hluta greiddra gíldra atkvæða eða meira á móti meiri hlutanum.

- c. 4 þingmenn og jafnmargir til vara skulu kosnir í Reykjavík hlutbundnum kosningum eftir aðferð de Hondts.
- d. 6 þingmenn og jafnmargir til vara skulu kosnir hlutbundnum kosningum í einu lagi um land allt samtímis því sem kjördæmakjör fer fram, eftir aðferð de Hondts.

Þingmenn skulu kosnir til fjögurra ára.

Deyi þingmaður eða forfallist frá þingsetu, tekur varamaður sæti hans.

2. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein:

Þingmenn efri deildar skulu kosnir af sameinuðu þingi í þingbyrjun eftir hverjar almennar kosningar.

3. Á milli 7. og 8. gr. komi ný grein (Greinatalan breytist samkv. því):

Fyrri málsgrein 44. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 43. gr., orðist svo:

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en hvorki við nokkrar reglur frá kjósendum sínum né við samþykktir stjórnsmálaflokka eða flokksstjórna þeirra.